




BYGGÐASTOFNUN

# HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Stöðugreining 2019





20.03.2020

Ritstjórn: Laufey Kristín Skúladóttir

Aðrir höfundar efnis: Sigurður Árnason, Jóhannes Finnur Halldórsson, Einar Örn Hreinsson, Anna Lea Gestsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Sigríður Þorgrímsdóttir, Anna Lilja Pétursdóttir og Snorri Björn Sigurðsson

ISBN: 978-9935-9503-1-4



BYGGÐASTOFNUN

# Höfuðborgarsvæðið

## Stöðugreining 2019

### Efnisyfirlit

Inngangur.....	6	5.3 Orkukostnaður.....	25
1. Höfuðborgarsvæðið, staðhættir og sérkenni .....	7	5.4 Opinber störf.....	27
1.1 Um svæðið.....	7	6. Önnur þjónusta.....	29
1.2 Íbúabéttleiki.....	7	6.1 Verslun .....	29
1.3 Mannfjöldapróun .....	8	6.2 Ýmis þjónusta.....	29
1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli .....	10	6.3 Ferðaþjónusta .....	29
1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting.....	11	7. Landbúnaður .....	32
1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun .....	12	7.1 Kjötframleiðsla.....	32
2. Menntun.....	14	7.2 Fjöldi búpenings .....	32
3. Efnahagsþróun .....	16	7.3 Fjöldi bóa.....	33
3.1 Tekjur.....	16	7.4 Greiðslumark .....	33
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka .....	17	7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús .....	35
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur .....	17	8. Sjávarútvegur .....	36
3.4 Fasteignaverð .....	18	8.1 Fiskveiðar .....	36
3.5 Fasteignir – íbúðir og sumarhús .....	18	8.2 Uppsjávarafli.....	36
4. Samgöngur .....	21	8.3 Úthlutaðar aflaheimildir.....	38
4.1 Vegir, hafnir og flugvelliir .....	21	9. Stoðkerfi .....	39
4.2 Almennings-samgöngur .....	22	9.1 Sóknaráætlun.....	39
4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða.....	23	9.2 Sáttmáli um samgöngur .....	40
4.4 Gagnaflutningar .....	23		
5. Opinber þjónusta .....	25		
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla .....	25		
5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur .....	25		

## Myndayfirlit

Mynd 1 Höfuðborgarsvæðið .....	7
Mynd 2 Skipting mannfjöldans eftir sveitarfélögum 2019 .....	8
Mynd 3 Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu á ferkílómetra 2019 .....	8
Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum .....	8
Mynd 5 Breyting á íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landið allt 1998-2019 .....	9
Mynd 6 Höfuðborgarsvæðið, hlutfall af íbúum landsins .....	9
Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á höfuðborgarsvæðinu .....	9
Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu eftir svæðum 1998-2018 .....	10
Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa eftir svæðum á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019 .....	10
Mynd 10 Þróun aldursdreifingar karla á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019 .....	11
Mynd 11 Þróun aldursdreifingar kvenna á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019 .....	11
Mynd 12 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019 .....	11
Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu árið 2019 .....	12
Mynd 14 Flutningsjöfnuður á höfuðborgarsvæðinu 1998-2018 .....	12
Mynd 15 Flutningsjöfnuður á höfuðborgarsvæðinu 1998-2018 eftir sveitarfélögum .....	12
Mynd 16 Fæðinga- og dánartíðni á höfuðborgarsvæðinu 1998-2017 .....	13
Mynd 17 Náttúruleg fjölgun á höfuðborgarsvæðinu 2008-2017 .....	13
Mynd 18 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu 2013-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi .....	13
Mynd 19 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018 .....	14
Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á höfuðborgarsvæðinu 2018 .....	14
Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018 .....	15
Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á höfuðborgarsvæðinu 25-64 ára 2018 .....	15
Mynd 23 Útvarsstofn á mann á höfuðborgarsvæðinu 2008-2017 á verðlagi ársins 2017 .....	16

Mynd 24 Fjármagnstekjur á mann á höfuðborgarsvæðinu 2008-2016 á verðlagi ársins 2017 .....	16
Mynd 25 Atvinnutekjur á mann á höfuðborgarsvæðinu 2008-2017 á verðlagi ársins 2017 .....	16
Mynd 26 Atvinnuleysi karla á höfuðborgarsvæðinu ágúst 2008 til maí 2019 ..	17
Mynd 27 Atvinnuleysi kvenna á höfuðborgarsvæðinu ágúst 2008 til maí 2019 .....	17
Mynd 28 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018 .....	18
Mynd 29 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018 .....	18
Mynd 30 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018 .....	19
Mynd 31 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis 2014 - 2018 .....	19
Mynd 32 Eigendur íbúðarhúsnæðis árið 2017 á höfuðborgarsvæðinu .....	19
Mynd 33 Lögheimili eigenda íbúða á Höfuðborgarsvæðinu 2017 .....	20
Mynd 34 Sumarhús eftir sveitarfélögum .....	20
Mynd 35 Stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins .....	21
Mynd 36 Grunnnet samgangna .....	21
Mynd 37 Hafnir á suðvesturhorni landsins .....	22
Mynd 38 Grunnnet almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu .....	22
Mynd 39 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða .....	23
Mynd 40 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019 .....	24
Mynd 41 Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu 2019 .....	25
Mynd 42 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019 ..	25
Mynd 43 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu .....	26
Mynd 44 Þróun orkukostnaðar á Höfuðborgarsvæðinu 2014-2018 .....	27
Mynd 45 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu 2008 – 2018 eftir svæðum .....	29
Mynd 46 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum 2018 .....	30
Mynd 47 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eftir þjóðerni 2012 .....	30
Mynd 48 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eftir þjóðerni 2018 .....	30
Mynd 49 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018 .....	31
Mynd 50 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018 .....	31
Mynd 51 Kjötframléiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018 .....	32
Mynd 52 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018 .....	33
Mynd 53 Greiðslumark sauðfjár á Höfuðborgarsvæðinu 2018 .....	34
Mynd 54 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018 .....	34
Mynd 55 Greiðslumark mjólkur á Höfuðborgarsvæðinu 2018 .....	35

Mynd 56 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019 .....	35
Mynd 57 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir löndunarhöfnum á höfuðborgarsvæðinu.....	36
Mynd 58 Ráðstöfun afla á höfuðborgarsvæðinu .....	36
Mynd 59 Afli í uppsjávartegundum á höfuðborgarsvæðinu .....	37
Mynd 60 Ráðstöfun uppsjávarafla á höfuðborgarsvæðinu.....	37
Mynd 61 Úthlutaðar aflaheimildir á höfuðborgarsvæðinu.....	38
Mynd 62 Úthlutuð þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á höfuðborgarsvæðinu eftir stöðum án uppsjávartegunda .....	38

## Töfluyfirlit

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019 .....	8
Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019 á höfuðborgarsvæðinu.....	10
Tafla 3 Vegalendir milli þéttbýlisstaða 2019 .....	23
Tafla 4 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu .....	26
Tafla 5 Orkukostnaður heimila á Höfuðborgarsvæðinu.....	26
Tafla 6 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018.....	27
Tafla 7 Opinber ríkisstörf í landshlutanum.....	28
Tafla 8 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum ....	28
Tafla 9 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum .....	28
Tafla 10 Dagvöruverslanir á Höfuðborgarsvæðinu eftir sveitafélögum 2019 .	29
Tafla 11 Þróun á fjölda búpenings í landshlutunum .....	33
Tafla 12 Fjöldi bóa á HBS og Suðurnesjum og á landinu öllu 2009-2017.....	33
Tafla 13 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á höfuðborgarsvæðinu.....	36

## Inngangur

Stöðugreining landshluta 2019 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2014 með nokkrum viðbótum og breytingum. Í stöðugreiningunni er leitast við að lýsa stöðu helstu þátta landshlutans er lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt með stuttum og lýsandi texta þannig að yfirsýn fái fljótt og að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur.

Stöðugreiningin er lýsing á stöðu hvers landshluta fyrir sig. Einskonar ljósmynd af stöðunni eins og hún birtist núna. Mikilvægt er að Stöðugreining 2019 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Greiningin verður ekki gefin út á pappír.

Í stöðugreiningunum er leitast við að nota nýjustu gögn sem völ er á. Mikið af gögnunum sem greiningin byggir á eru fengin frá Hagstofu Íslands, bæði opin gögn og gögn fengin með sérvinnslu. Einnig er notast við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrá ásamt öðrum fagstofnunum líkt og Fiskistofu, Matvælastofnun og Ríkisskattstjóra.

Breyting er á framsetningu einstakra kafla frá stöðugreiningunni 2014 í takt við þá þróun sem orðið hefur. Uppbygging stöðugreininganna er eins fyrir alla landshluta og byggja á sambærilegum gögnum. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist sveitarfélögum og landshlutum við stefnumótun og öðrum sem láta sig byggðaðróun í landinu varða á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Laufey Kristín Skúladóttir


# 1. Höfuðborgarsvæðið, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Um svæðið

Svæði sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins nær yfir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Sóknaráætlunarsvæði höfuðborgarsvæðisins er samfallandi svæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu ríflega 228.000 manns þann 1. janúar 2019 eða 64% íbúa landsins. Flestir bjuggu í Reykjavík, 128.793 en 238 í Kjósarhreppi sem var fámennasta sveitarfélagið í landshlutanum.

Reykjavík og höfuðborgarsvæðið er og hefur verið síðan á 19. öld miðstöð verslunar, stjórnsýslu og þjónustu í landinu og vaxið alla 20. og 21. öldina.


Í gildi er Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 sem er er sameiginleg stefna allra sveitarfélaganna á svæðinu um náíð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Hryggjarstykkið í stefnunni er nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengir kjarna sveitarfélaganna og á að flytja farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið.



Mynd 1 Höfuðborgarsvæðið


## 1.2 Íbúapéttleiki

Rúmlega helmingur íbúa höfuðborgarsvæðinu býr í Reykjavíkurborg. Í Kópavogsbæ búa 16%, í Hafnarfjarðarbæ 13%, í Garðabæ 7%, í Mosfellsbæ 5%, á Seltjarnarnesi 2% en aðeins 0,1% í Kjósarhreppi.



Mynd 2 Skipting mannfjöldans eftir sveitarfélögum 2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 3 Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu á ferkílómetra 2019

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun

Höfuðborgarsvæðið er langfjölmenntasti landshluti landsins með ríflega 218 íbúa á ferkílómetra sem er rúmlega sex sinnum meiri þéttleiki en á Suðurnesjum þar sem íbúar eru 33 á ferkílómetra.

Seltjarnarnes sem aðeins telur rúmlega tvo ferkílómetra er þéttbýlast með ríflega 2.200 íbúa á ferkílómetra. Reykjavík er með 527 íbúa á ferkílómetra, Garðabær með 357 og Kópavogur með 337. Strjálbýlastur er Kjósarhreppur með 0,8 íbúa á ferkílómetra.



Mynd 4 Íbúafjöldi á ferkílómetra eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands og Byggðastofnun

### 1.3 Mannfjöldapróun


Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 63.625 frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2019 eða um tæplega 39%. Í Reykjavík fjölgaði um ríflega 21.000 manns, í Kópavogi um 17.000 manns og í Hafnarfirði um 11.600 manns. Hlutfallslega fjölgaði mest í Mosfellsbæ þar sem að íbúum fjölgaði um 118% eða 6.200 manns.

Tafla 1 Íbúafjöldi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	Breyting
Reykjavík	107.341	111.544	113.288	116.642	118.326	119.764	122.460	128.793	21.452
Kópavogur	19.867	23.647	25.352	27.525	30.357	31.726	34.140	36.975	17.108
Seltjarnarnes	4.602	4.673	4.577	4.471	4.395	4.322	4.415	4.664	62
Garðabær	9.216	9.611	10.764	11.832	13.166	13.872	14.717	16.299	7.083
Hafnarfjörður	18.196	19.688	21.207	23.751	25.913	26.808	28.189	29.799	11.603
Mosfellsbær	5.246	6.113	6.589	7.516	8.553	8.978	9.481	11.463	6.217
Kjósarhreppur	138	151	140	182	197	205	217	238	100
<b>Samtals</b>	<b>164.606</b>	<b>175.427</b>	<b>181.917</b>	<b>191.919</b>	<b>200.907</b>	<b>205.675</b>	<b>213.619</b>	<b>228.231</b>	<b>63.625</b>


Heimild: Hagstofa Íslands





Mynd 5 Breyting á íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landið allt 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 6 Höfuðborgarsvæðið, hlutfall af íbúum landsins

Heimild: Hagstofa Íslands

Íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu var 39% á móti 31% á landinu öllu tímabilið 1998-2019 sem þýðir að íbúum höfuðborgarsvæðisins sem hlutfall af íbúum landsins í heild hækkaði úr 60,5% í tæp 64% á tímabilinu.


Kynjaskipting hefur verið tiltölulega jöfn á höfuðborgarsvæðinu undanfarin 20 ár. Allt fram til ársins 2007 voru konur fleiri en karlar og voru aftur orðnar fleiri 2010 og voru það allt fram til ársins 2017 en síðustu ár hefur körlum fjölgað meira en konum og voru karlar 3.500 fleiri um síðustu áramót.

Á tímabilinu fjölgaði erlendum ríkisborgurum mikið fóru úr því að vera 1,3-2,3% árið 1998 upp í það að vera allt að 12,4% í Reykjavík árið 2018. Hlutfallið í Kópavogi og Hafnarfirði var 9-10%, 6-7% í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi en lægst í Garðabæ 4%.



Mynd 7 Þróun íbúafjölda eftir kyni á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 8 Þróun hlutfalls erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu eftir svæðum 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands


## 1.4 Mannfjöldapróun eftir sveitarfélögum, dreifbýli og þéttbýli

Íbúum fjölgaði í öllum í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins eins og áður sagði. Sama á við ef horft er til þeirra svæða sem gætu talist til dreifbýlis innan höfuðborgarsvæðisins. Minnst var hins vegar fjölgunin á Seltjarnarnesi þar sem aðeins fjölgaði um 62 íbúa á tímabilinu 1998-2019.

Tafla 2 Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum, þéttbýlisstöðum og dreifbýli árin 1998-2019 á höfuðborgarsvæðinu

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2019	breyting	breyting
<b>Reykjavík</b>	<b>107.341</b>	<b>111.544</b>	<b>113.288</b>	<b>116.642</b>	<b>118.326</b>	<b>119.764</b>	<b>122.460</b>	<b>128.793</b>	<b>21.452</b>	<b>20,0%</b>
Reykjavík	106.753	110.852	112.490	115.611	117.505	118.918	121.486	127.333	20.580	19,3%
Grundarhverfi	292	352	507	581	520	528	562	614	322	110,3%
dreifbýli	296	340	291	450	301	318	412	846	550	185,8%
<b>Kópavogur</b>	<b>19.867</b>	<b>23.647</b>	<b>25.352</b>	<b>27.525</b>	<b>30.357</b>	<b>31.726</b>	<b>34.140</b>	<b>36.975</b>	<b>17.108</b>	<b>86,1%</b>
Seltjarnarnes	4.602	4.673	4.577	4.471	4.395	4.322	4.415	4.664	62	1,3%
<b>Garðabær</b>	<b>9.216</b>	<b>9.611</b>	<b>10.764</b>	<b>11.832</b>	<b>13.166</b>	<b>13.872</b>	<b>14.717</b>	<b>16.299</b>	<b>7.083</b>	<b>76,9%</b>
Garðabær	7.855	8.066	8.878	9.556	10.643	11.480	12.259	13.697	5.842	74,4%
Álftanes	1.361	1.545	1.886	2.276	2.523	2.392	2.458	2.602	1.241	91,2%
<b>Hafnarfjörður</b>	<b>18.196</b>	<b>19.688</b>	<b>21.207</b>	<b>23.751</b>	<b>25.913</b>	<b>26.808</b>	<b>28.189</b>	<b>29.799</b>	<b>11.603</b>	<b>63,8%</b>
<b>Mosfellsbær</b>	<b>5.246</b>	<b>6.113</b>	<b>6.589</b>	<b>7.516</b>	<b>8.553</b>	<b>8.978</b>	<b>9.481</b>	<b>11.463</b>	<b>6.217</b>	<b>118,5%</b>
Mosfellsbær	5.038	5.891	6.376	7.302	8.312	8.651	9.131	11.121	6.083	120,7%
Mosfellsdalur	208	222	213	214	241	327	350	342	134	64,4%
<b>Kjósarhreppur</b>	<b>138</b>	<b>151</b>	<b>140</b>	<b>182</b>	<b>197</b>	<b>205</b>	<b>217</b>	<b>238</b>	<b>100</b>	<b>72,5%</b>

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 9 Breyting á fjölda íbúa eftir svæðum á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019


Heimild: Hagstofa Íslands

## 1.5 Aldursdreifing og kynjaskipting

Íbúum fjölgaði í öllum aldurshópum á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 1998-2019. Mest var fjölgunin í aldurshópnum 50-59 ára og 60-69 ára þar sem það fjölgaði um ríflega 12.400 og 10.700 manns. Einnig fjölgaði mikið í aldurshópnum 20-29 ára eða um 10.200 manns. Á allra síðustu árum hefur hins vegar fækkað um rúmlega 1.000 börn í aldurshópnum 0-9 ára.


Í upphafi tímabilsins voru konur um 102 á hverja 100 karla það hlutfall hélst allt fram til 2006 þegar að það fór að lækka og fór niður í 99 á hverja 100 karla árin 2008. Hlutfallið fór síðan aftur yfir 100 en hefur farið lakkandi aftur allra síðustu ár og var í kringum 97 konur á hverja 100 karla í upphafi árs 2019.

Í upphafi árs 2019 var hlutfallið jafnast í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi. Í Kópavogi og Reykjavík var hlutfallið 96-97 en lægst í Garðabæ þar sem það voru 88 konur á hverja 100 karla.




Mynd 10 Þróun aldursdreifingar karla á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 11 Þróun aldursdreifingar kvenna á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 12 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla á höfuðborgarsvæðinu 1998-2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 13 Fjöldi kvenna á hverja 100 karla eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu árið 2019

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 14 Flutningsjöfnuður á höfuðborgarsvæðinu 1998-2018


Heimild: Hagstofa Íslands

## 1.6 Flutningsjöfnuður og náttúruleg fjölgun

Flutningsjöfnuður höfuðborgarsvæðisins hefur verið jákvæður allt tímabilið 1998-2018 er frá eru skilin árin 2009-2011. Jákvæðastur var flutningsjöfnuðurinn á árunum 2006 og 2007 og svo aftur 2017 og 2018 en tvö síðustu ár hefur fjölgað um ríflega 4.000 íbúa hvort ár. Flutningsjöfnuður var jákvæður í öllum sveitarfélögum á svæðinu að Seltjarnarnesi frátöldu. Athygli vekur að flutningsjöfnuður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Mosfellsbæjar í hverju sveitarfélagi fyrir sig er miklu jákvæðari en Reykjavíkur hvar 56% íbúa svæðisins býr.


Fæðingar á höfuðborgarsvæðinu voru litlu fleiri í lok tímabilsins en í upphafi þess þrátt fyrir mikla fólksfjölgun. Sömuleiðis hefur dánartíðni hækkað nokkuð. Það þýðir að dregið hefur úr náttúrulegri fjölgun.

Í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði bæði íslenskum og erlendum ríkisborgurum á tímabilinu. Í Reykjavík er fjölgun íslenskra ríkisborgara vart mælanleg þar sem þeim fjölgaði um 31 á móti 6.246 erlendum ríkisborgurum.




Mynd 15 Flutningsjöfnuður á höfuðborgarsvæðinu 1998-2018 eftir sveitarfélögum

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 16 Fæðinga- og dánartíðni á höfuðborgarsvæðinu 1998-2017

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 18 Breyting á íbúafjölda eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu 2013-2018 eftir erlendu og íslensku ríkisfangi

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 17 Náttúruleg fjölgun á höfuðborgarsvæðinu 2008-2017

Heimild: Hagstofa Íslands

## 2. Menntun


Hagstofa Íslands safnar gögnum um menntunarstig landsmanna á aldrinum 25-64 ára og eru þau unnin upp úr vinnumarkaðsrannsókn stofnunarinnar. Þau eru birt hér í fyrsta sinn í stöðugreiningum, en Byggðastofnun byggði í eldri stöðugreiningum á gögnum frá Capacent Gallup. Gögn Hagstofunnar sýna menntunarstig á árinu 2018.



Mynd 19 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Myndir 19 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir karla. Samanburðurinn sýnir að hlutfall karla sem er með grunnmenntun er sex prósentustigum lægra en á landsvísi og starfsnám í framhaldsskóla er einnig lægra en landsmeðaltal. Bóknám í framhaldsskóla er svipað og á landinu öllu en grunn- og framhaldsnám í háskóla er töluvert hærra en landsmeðaltal.




Mynd 20 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á höfuðborgarsvæðinu 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 20 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Rétt er hins vegar að benda á að í landsmeðaltali vegur höfuðborgarsvæðið afar mikið vegna þess fjölda sem þar býr. Grunnmenntun og starfsnám í framhaldsskóla er eins og áður sagði lægra hlutfall en á landinu öllu og verulega lægra en á landsbyggðinni. Bóknám í framhaldsskóla er nærri landsmeðaltali. Hins vegar eru grunn nám og framhaldsnám töluvert hærra hlutfall en á landinu öllu og munurinn er enn meiri þegar horft er til meðaltals landsbyggðarinnar.

Þegar menntunarstig kvenna í sömu aldurflokkum, þ.e. 25-64 ára er skoðað er munur á milli kynja. Mynd 21 sýnir samanburð á starfssvæðum sóknaráætlana fyrir landið allt fyrir konur.




Mynd 21 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Samanburðurinn sýnir að hlutfall kvenna sem er með grunnmenntun er fimm prósentustigum lægra en á landinu eða 15%. Starfs- og bóknám í framhaldsskóla og grunn nám í háskóla eru nálægt landsmeðaltali en framhaldsnám á háskólastigi fimm prósentustigum yfir landsmeðaltali. Starfsnám í framhaldsskóla er verulega mikið minna en hjá körlunum en háskólanám verulega mikið meira hjá konunum.

Mynd 22 sýnir samanburð á stöðunni í landshlutanum miðað við landsbyggðina og landið í heild. Höfuðborgarsvæðið vegur þungt í landsmeðaltali eins fram kom hér að framan vegna þess fjölda sem þar býr. Frávik eru því ekki mikil utan þess sem fram kom hér að framan, þ.e. lægra hlutfall þeirra sem hafa grunnmenntun en hærra hlutfall framhaldsmenntunar á háskólastigi. Þessi munur er enn meiri ef horft er til samanburðar við landsbyggðarsvæðin eingöngu.



Mynd 22 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á höfuðborgarsvæðinu 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


### 3. Efnahagsþróun

#### 3.1 Tekjur

Útsvarsstofn, atvinnutekjur og fjármagnstekjur á mann eru þrjár mælikvarðar til að meta breytingar á tekjum einstaklinga á ákveðnu svæði. Tekjur á mann á öllum þessum mælikvörðum hafa á undanförunum árum verið yfir landsmeðaltali.


Útsvarsstofn og atvinnutekjur á mann lækkuðu skarpt á árinu 2009 og nokkuð á árinu 2010. Fjármagnstekjur lækkuðu enn skarpar fóru niður um 70% á tveimur árum.

Útsvarsstofn ársins 2017 á mann nam 4,5 milljónum kr. og var um 150 þúsund kr. yfir landsmeðaltali. Atvinnutekjur á mann voru 3,7 milljón kr. á mann og voru sömuleiðis um 150 þúsund kr. yfir landsmeðaltali.




Mynd 23 Útsvarsstofn á mann á höfuðborgarsvæðinu 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga



Mynd 24 Fjármagnstekjur á mann á höfuðborgarsvæðinu 2008-2016 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Ríkisskattstjóri




Mynd 25 Atvinnutekjur á mann á höfuðborgarsvæðinu 2008-2017 á verðlagi ársins 2017

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands



### 3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Atvinnuleysi karla fór þá upp í 10-12% eftir árstíðum næstu tvö ár en fór síðan lækkandi frá ári til árs og var um 2% á árunum 2015-2018. Atvinnuleysi hefur heldur aukist síðustu mánuði og var 3,6% í maí 2019. Atvinnuleysi á þessu svæði er afar svipað og landsmeðaltal enda búa um 64% landsmanna á þessu svæði.



Mynd 26 Atvinnuleysi karla á höfuðborgarsvæðinu ágúst 2008 til maí 2019

Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi. Hagstofan skilgreinir atvinnuþáttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu.

Atvinnuleysi kvenna var einnig afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Það fór þá upp í um 7-9% næstu þrjú árin en hefur farið lækkandi ár frá ári niður í rúm 2% árin 2016-2018. Atvinnuleysi hefur heldur aukist síðustu

mánuði og var 3,7% í maí 2019. Atvinnuleysi á þessu svæði er afar svipað og landsmeðaltal enda búa um 64% landsmanna á þessu svæði.



Mynd 27 Atvinnuleysi kvenna á höfuðborgarsvæðinu ágúst 2008 til maí 2019


Heimild: Hagstofa Íslands

Upplýsingar um atvinnuþáttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþáttaka karla á aldrinum 16-64 ára var 86,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 89,3% utan þess. Atvinnuþáttaka kvenna á sama aldri var 83,5% á höfuðborgarsvæðinu og 83,1% utan þess. Atvinnuþáttaka karla var 88,1% á höfuðborgarsvæðinu og 89,0% utan þess á 1. ársfjórðungi ársins 2019. Sambærilegar tölur fyrir konur voru 85,0% og 83,3%.

### 3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki.

Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fylgja landsmeðaltalinu nokkuð en hafa þó verið yfir landsmeðaltali allt tímabilið. Fylgni milli þróunar í landshlutunum og á landsvísi er sú hæsta á landinu eða um 0,99 enda vegur höfuðborgarsvæðið langmest í landsmeðaltali.



Mynd 28 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 2008-2018


Heimild: Hagstofa Íslands

### 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð og þar með fasteignamat er eitt af þeim viðmiðum sem notuð eru til að lýsa efnahagslegri stöðu. Bygðastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til

<sup>1</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fasteignamat/2019/fasteignagjold-2019.pdf>

að reikna út fasteignamat og fasteignagjöld á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu frá árinu 2010.<sup>1</sup> Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m<sup>2</sup> að grunnfleti og stærð lóðar er 808m<sup>2</sup>. Fasteignagjöldin eru reiknuð út samkvæmt gildandi fasteignamati og samkvæmt álagningarreglum eins og þær eru í hverju sveitarfélagi. Heildarmat, sem er samanlagt verðmat fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir þéttbýlisstöðum. Öll árin hefur matið verið áberandi hæst í Suður-Þingholtunum í Reykjavík og þriðja árið í röð er Bolungarvík með lægsta heildarmatið.



Mynd 29 Heildarmat fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018


Heimild: Þjóðskrá Íslands

### 3.5 Fasteignir – íbúðir og sumarhús

Fasteignaverð og þar með fasteignamat er eitt af þeim viðmiðum sem notuð eru til að lýsa efnahagslegri stöðu. Bygðastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til að reikna út fasteignamat og fasteignagjöld á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu frá árinu 2010.<sup>2</sup> Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m<sup>2</sup> að grunnfleti og stærð lóðar er 808m<sup>2</sup>. Fasteignagjöldin eru reiknuð út samkvæmt gildandi fasteignamati og samkvæmt álagningarreglum eins og þær eru í hverju sveitarfélagi. Heildarmat, sem er samanlagt verðmat

<sup>2</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fasteignamat/2019/fasteignagjold-2019.pdf>

fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir þéttbýlisstöðum. Öll árin hefur matið verið áberandi hæst í Suður-Þingholti í Reykjavík og þriðja árið í röð er Bolungarvík með lágsta heildarmatið.




Mynd 30 Heildar fasteigna- og lóðarmat 31.12.2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Á Höfuðborgarsvæðinu var mat fasteigna skoðað á þremur stöðum í Reykjavík; Úlfarsárdal, Grafarholt og Suður-Þingholti og á þremur stöðum í Kópavogi; Kórahverfi, Hvörf/Þing og Vesturbær Kópavogs. eru niðurstöður settar fram í súluriti hér fyrir neðan þar sem sjá má þróunina á fasteignamatinu frá 2014-2018.


Á þessu fimm ára tímabili er hækkun fasteignamats minnst í Kórum í Kópavogi en mest í Þingholti í Reykjavík. Hækkunin á milli 2014-2018 hefur verið frá 39-59%. Matið er áberandi hæst í Þingholti í Reykjavík.



Mynd 31 Meðaltal fasteignamats íbúðarhúsnæðis 2014 - 2018

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Eigendur íbúðarhúsnæðis geta verið einstaklingar eða lögaðilar. Hlutfall milli þessara eigna er mismunandi eftir sveitarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 32 Eigendur íbúðarhúsnæðis árið 2017 á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Eignarhald lögaðila á íbúðarhúsnæði var hæst í Kjósarhreppi, 23,4% en lægst var hlutfallið á Seltjarnarnesi, 7,2%. Yfir landið var skiptingin á eignarhaldi íbúðarhúsnæðis árið 2017; 78% einstaklingar og 22% lögaðilar.


Eigendur íbúðarhúsnæðis geta átt lögheimili í því sveitarfélagi sem fasteignin er staðsett eða utan þess. Þjóðskrá Íslands heldur utan um skráningu á eignarhaldi fasteigna. Það er nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum hvar eigendur íbúðarhúsnæðis eiga lögheimili. Sjá fyrir neðan yfirlit yfir eigendur íbúðarhúsnæðis flokkaða eftir búsetu.



Mynd 33 Lögheimili eigenda íbúða á Höfuðborgarsvæðinu 2017

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Sumarhúsum á svæðinu hefur fjölgað töluvert á undanförunum árum. Þau voru tæplega 600 árið 1995 en eru orðin tæplega 1.200 árið 2018. Fjölgunin er mest í Kjósarhreppi og Mosfellsbæ.



Mynd 34 Sumarhús eftir sveitarfélögum


Heimild: Þjóðskrá Íslands

## 4. Samgöngur

### 4.1 Vegir, hafnir og flugvöllir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2033 er Reykjavíkurlugvöllur í grunnneti samgangna. Hann er eini flugvöllurinn á höfuðborgarsvæðinu, miðstöð áætlunarflugs innanlands og þar er kennsluflug, leiguflug og sjúkraflug í tengslum við Landsspítalann. Strætóferðir eru milli flugstöðvar, miðborgar Reykjavíkur og umferðarmiðstöðvar og rútuferðir milli hennar og flugstöðvar millilandaflugs á Keflavíkurlugvelli.

Þjóðvegur nr. 1 liggur að Reykjavík af Suðurlandi og Vesturlandi og aðrir stofnvegir tengja höfuðborgarsvæðið við Suðurnes og tengja saman þéttbýlisstaði eða hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Stofnvegirnir höfuðborgarsvæðisins eru sýndir rauðlitaðir á mynd 35.




Mynd 35 Stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins

Heimild: Almenna verkfræðistofan

Samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2040 stefna sveitarfélögin á breytt ferðamynstur þannig að hlutdeild gangandi og hjólandi verði 30%, almenningsamgöngur 12% og einkabíl 58%.


Nýjasta ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið var framkvæmd í nóvember 2017 og niðurstöður kynntar janúar 2018. Hún sýndu að á höfuðborgarsvæðinu voru 76% allra ferða farnar með einkabíl, 4% með strætisvögnum og 20% gangandi og hjólandi.



Mynd 36 Grunnnet samgangna

Heimild: Samgönguáætlun 2019-2033

Myndin sýnir grunnnet samgangna árið 2018 en ekki hafa verið gerðar breytingar síðan 2015. Rétt er þó að benda á að Vaðlaheiðargöng voru tekin í notkun 2019 og stytta vegalengd milli Akureyrar og Húsavíkur um 16 km og aðrar leiðir austan Akureyrar samsvarandi.



Mynd 37 Hafnir á suðvesturhorni landsins

Tvær vöruflutningahafnir eru á svæðinu, Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn og þær eru líka í flokki I, stórar fiskihafnir, og í grunnneti samgöngukerfisins. Ein höfn er í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, í Kópavogi.

Siglingastofnun miðar flokkun sína við að 100-150 metra löng flutningaskip geti athafnað sig í höfnum í flokki.

## 4.2 Almenningsamgöngur

Almenningsamgöngur eru áherslupáttur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og strætisvagnakerfið nær vítt um svæðið eins og sjá má á mynd 38 og um Suður-, Vestur- og Norðurland.

Meginhlutverk byggðasamlagsins Strætó bs. er að veita almenna þjónustu á sviði almenningsamgangna. Undir þetta hlutverk fellur rekstur

almenningsvagna (strætó), ferðaþjónusta fatlaðra og ferðaþjónusta eldri borgara. Stefna byggðasamlagsins er að auka þjónustu og gæði til viðskiptavina sinna, efla almenningsamgöngur og auka hagkvæmni þeirra.

Leiðakerfi Strætó samanstendur af 27 leiðum á höfuðborgarsvæðinu og 21 leið á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu aka flestar leiðir á 15 mínútna tíðni á annatíma en utan annatíma aka flestar leiðir á 30 mínútna tíðni. Leiðir 1 og 6 aka á 10 mínútna tíðni á annatíma og 15 mínútna þess fyrir utan á dagtíma virka daga.

Á höfuðborgarsvæðinu eru fimm skiptistöðvar þar sem tímasetningar vagna eru samstilltar þannig að vagnarnir séu þar á svipuðum tíma. Þetta eru Fjörður, Ásgarður, Hamraborg, Mjódd og Ártún. Aðrar skiptistöðvar eins og Hlemmur, Spöngin og Háholt. Mjóddin er helsta skiptistöð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 38 Grunnnet almenningsamgangna á höfuðborgar-svæðinu

Heimild: Samgönguáætlun

### 4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Landslag mótar lítið vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á höfuðborgarsvæðinu heldur ráð vegalengdir og því skarast þau innbyrðis og við vinnusóknarsvæði nálægra þéttbýlisstaða. Könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna náði ekki til höfuðborgarsvæðisins en þó var ljóst að dagleg vinnusókn var í báðar áttir innan svæðis sem kennt er við Hvítárnar.

Stytting ferðatíma, vegstyttingar og samgöngubætur, breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.


Tafla 3 Vegalendir milli þéttbýlisstaða 2019

	Frá Hafnarfirði	Frá Reykjavík
Hafnarfjörður		11
Garðabær	4	8
Álftanes	6	12
Kópavogur	6	5
Reykjavík	11	
Seltjarnarnes	14	3
Mosfellsbær	21	15
Grundarhverfi	35	29
Selfoss	58	56
Akranes	54	48
Keflavík	36	47

Heimild: Vegagerðin

### Skýringar

-  ÞÉTTBÝLISSTAÐUR
-  REYKJAVÍK
-  MÖRK VINNUSÓKNAR-SVÆÐIS
-  MIDSTÖÐ VINNUSÓKNAR-SVÆÐIS MEÐ ÚTLINU Í SAMA LIT OG MIÐJA HRINGS
-  MÖRK LANDSHLUTA-SAMTAKA SVEITAR-FÉLAGA
-  MÖRK "HVÍTÁ-HVÍTÁ" SVÆÐIS ÍSLAND 2020
-  LAND SVEITARFÉLAGA INNAN MARKA SVÆÐIS-SKIPULAGS MIÐHÁ-LENDISINS OG FRIDLAND Á HORNSTRÖNDUM
-  GRUNNET VEGA



VINNUSÓKNARSVÆÐI  
ÞÉTTBÝLISSTAÐA  
HEIMILD: ATVINNUÞRÓUNARFÉLÖGIN,  
LANDMÆLINGAR ÍSLANDS OG VEGAGERÐIN



Mynd 39 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða


### 4.4 Gagnaflutningar

Flest lönd ESB hafa sett það markmið að allir hafi aðgang að 30 Mb/sek. og á Ísland hafa verið sett markmið um ákveðið hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 30 Mb/sek. þjónustu árið 2020.

Lagt er til að fyrir Ísland verði sett markmið um hlutfall íbúa sem hafi aðgang að 100 Mb/sek. þjónustu 2020. Flest Evrópulönd miða við að íbúar hafi almennt aðgang að 100 Mb/sek. 2025 eða fyrr. Þessi hraði gerir mögulegt að vera með fleiri þungar þjónustur í gangi samtímis á hverju heimili, t.d. fleiri en eitt sjónvörp í UHD upplausn. Markmið ESB landa gera ráð fyrir sívaxandi mikilvægi og kröfum til Internetþjónustu og í ljósi þess sífellt hærri viðmiðum um internetþjónustu. ESB lönd hafa flest sett sér markmið um enn hærri hraða, 100 Mb/sek. og 1 Gb/sek. sem nær til fleiri og fleiri íbúa í framtíðinni.

Með 3G og 4G er meðaltal innan við 100 Mb/sek. (miðað við mælingar gerðast í des 2018).

Samkvæmt meðfylgjandi korti er ljósleiðarasamband á höfuðborgarsvæðinu gott.



*Mynd 40 Aðgengi að næstu kynslóðar netum í ársbyrjun 2019*


Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun



## 5. Opinber þjónusta

### 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins nær yfir sveitarfélögin 8 á starfssvæði samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu auk þess hluta úr sveitarfélaginu Bláskógabyggð sem áður hét Þingvallasveit. Í heilbrigðis-umdæmi höfuðborgarsvæðisins er sjúkrahús með landið allt sem þjónustusvæði og 15 heilsugæslustöðvar í mörgum hverfum Reykjavíkur, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Nánar má kynna sér heilbrigðisþjónustu á [þjónustukorti Byggðastofnunar](#).




Mynd 41 Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu 2019

### 5.2 Löggæsla, sýslumaður og héraðsdómur

Á höfuðborgarsvæðinu sitja þrír sýslumenn, í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og einn lögreglustjóri í Reykjavík og nær umdæmi hans yfir sveitarfélögin átta á höfuðborgarsvæðinu.


Héraðsdómur hefur aðsetur í Reykjavík og í umdæmi hans eru auk höfuðborgarinnar, sveitarfélögin Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósar-hreppur. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og í umdæmi hans eru auk sveitarfélaganna Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Álftaness, sveitarfélögin fimm á Reykjanesi. Nánar má kynna sér löggæslu, sýslumenn og héraðsdóm á [þjónustukortinu](#).



Mynd 42 Umdæmi og aðsetur sýslumanns, héraðsdóms og lögreglu 2019

### 5.3 Orkukostnaður

Árlegir útreikningar Byggðastofnunar og Orkustofnunar um kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun hafa verið gerðir frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 350 m<sup>3</sup>. Við útreikningana á orkukostnaði er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og húshitunarkostnaður hinsvegar. Nánar má kynna sér efnið á heimasíðu Byggðastofnunar. Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir orkukostnað heimila á nokkrum stöðum á landinu.



Mynd 43 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

Heimild: Bygðastofnun

Í meðfylgjandi töflu 4 er að finna algengasta verð heildar orkukostnaðar á nokkrum stöðum á landinu. Ef horft er til algengasta verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða. Algengasti heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Grundarfirði, Neskaupsstað og í Vopnafjarðarhreppi 292.900 kr. en lægstur á Seltjarnarnesi 141.571 kr.

Tafla 4 Orkukostnaður heimila á nokkrum stöðum á landinu

			Almenn raforkunotkun	Húshitun Rafhitun / Hitaveita	Orkukostnaður alls
	Dreifiveita - Rafmagn	Hitaveita / Kynt hitaveita	Algengasta verð	Algengasta verð	Algengasta verð
RARIK - Dreifbýli án hitaveitu	RARIK	-	120.061	204.906	324.967
Orkubú Vestfjarða - Dreifbýli án hitav.	Orkubú Vestfjarða	-	120.101	195.449	315.550
Grundarfjörður	RARIK	-	87.994	204.906	292.900
Reyðarfjörður	Rafveita Reyðarfjarðar	-	87.736	203.015	290.751
Ísafjörður	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	195.449	281.684
Seyðisfjörður	RARIK	RARIK	87.994	204.906	270.890
Veitur ohf. - Dreifbýli	RARIK	RARIK	120.061	130.072	250.133
Dreifbýli á Norðurlandi - Með hitaveitu	RARIK	Ýmsar*	120.061	109.908	229.969
Vestmannaeyjar	HS Veitur	HS Veitur	84.122	209.635	226.690
Hafnarfjörður	HS Veitur	Veitur	84.122	111.612	195.734
Reykjavík	Veitur	Veitur	81.647	111.612	193.259
Akranes	Veitur	Veitur	81.647	109.340	190.987
Akureyri	Norðurland	Norðurland	83.081	96.844	179.925
Selfoss	HS Veitur	Selfossveitur	84.122	95.708	179.830
Keflavík	HS Veitur	HS Veitur	84.122	92.584	176.706
Sauðárkrúkur	RARIK	Skagafjarðarveitur	87.994	88.324	176.318
Egilsstaðir	RARIK	Hitav. Egilsstaða og Fella	87.994	85.768	173.762
Seltjarnarnes	Veitur	Hitaveita Seltjarnarnes	81.647	59.924	141.571

\* Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Húnaþings vestra, Hitaveita Óxarfjarðarháa, Norðurland, Orkuveita Húsavíkur, RARIK og Skagafjarðarveitur Öll verð með sköttum og öðrum gjöldum.  
Samkvæmt gjaldskrá 1. sept 2018

Heimild: Bygðastofnun

Af þeim stöðum á Höfuðborgarsvæðinu sem voru með í úttekt<sup>3</sup> sem Bygðastofnun fékk Orkustofnun til að gera eru orkukostnaður vel undir meðaltali. Hitaveita er á svæðinu og rafmagn á vegum HS Veitna og Veitna.


Tafla 5 Orkukostnaður heimila á Höfuðborgarsvæðinu

Staður	Hitaveita Fjarvarma v. kr./ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	2019		2014	
				Rafmagn Almenn notkun kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári
OR meðaltal dreifbýli	130.072		126.416	120.061	246.477	229.475	
Reykjavík, meðaltal	111.612		111.612	81.647	193.259	161.824	
Hafnarfjörður, meðaltal	111.612		111.612	84.122	195.734		
Mosfellsbær	79.804		79.804	81.647	161.451		
Seltjarnarnes	59.924		59.924	81.647	141.571		

Heimild: Orkustofnun

<sup>3</sup> <https://www.bygdastofnun.is/static/files/Orkukostnadur/2018/samanburdur-a-orkukostnadi-heimila-2018.pdf>

Þróun orkukostnaðar hefur verið með sambærilegum hætti í þessum kjörnum á Höfuðborgarsvæðinu. Orkukostnaður hefur fylgt verðlagsþróun að einhverju leiti. Athygli vekur að orkukostnaður í Mosfellsbæ lækkaði milli árunna 2017 og 2018. Sjá nánar á mynd hér fyrir neðan sem sýnir þróun orkukostnaðar á verðlagi hvers árs.



Mynd 44 Þróun orkukostnaðar á Höfuðborgarsvæðinu 2014-2018

Heimild: Byggðastofnun

## 5.4 Opinber störf

Byggðastofnun hefur tekið saman fjölda opinberra starfa og dreifingu þeirra um landið síðan 2013. Tölurnar sem settar eru fyrir fjölda ríkisstarfa áramótin 2018/2019. Í greiningunni er miðað við víða skilgreiningu ríkisstarfa, þ.e. stöðugildi greidd af Fjársýslu ríkisins, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins og þær stofnanir sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Á landsvísi starfa fleiri konur fyrir ríkið en karlar; 63% á móti 37% karla. Á Höfuðborgarsvæðinu er hlutfalið sambærilegt eða 64% stöðugildi kvenna á móti 36% stöðugildum karla. Á Höfuðborgarsvæðinu búa 63,9% af íbúafjölda landsins en þar eru staðsett 70,7% af heildarstöðugilda opinberra

<sup>4</sup> <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/hvar-eru-rikisstofnir-2>

starfa hjá ríkinu. Hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu skipt niður á landshluta.

Tafla 6 Opinber störf hjá ríki niður á landshluta 31.12 2018

Stöðugildi opinberra starfa skipt á landshluta	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heilda
Höfuðborgarsvæðið	11.181	6.328	17.509	228.231	63,9%	70,7%
Vesturland	562	259	821	16.507	4,6%	3,3%
Vestfirðir	262	192	454	7.063	2,0%	1,8%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,0%
Norðurland eystra	1.332	616	1.948	30.445	8,5%	7,9%
Austurland	368	189	557	10.670	3,0%	2,3%
Suðurland	923	551	1.474	29.735	8,3%	6,0%
Suðurnes	691	748	1.439	27.113	7,6%	5,8%
Annað	31	33	64	-	0,0%	0,3%
<b>Samtals</b>	<b>15.663</b>	<b>9.088</b>	<b>24.751</b>	<b>356.991</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Heimild: Byggðastofnun

Í greiningu Byggðastofnunar kemur fram að stöðugildum hafi fjölgað á Höfuðborgarsvæðinu um 371 eða rúm 2% milli áruna 2017-2018. „Í Hafnarfirði fækkaði stöðugildum um 49 eða tæp 8%. Er það helst vegna fækkunar hjá Íslandspósti, í aðstoð við hælisleitendur og í Flensborgarskóla. Í Kópavogi fjölgar störfum 66 eða 8,6% þá helst vegna fjölgunar hjá Landsrétti og tilfærslu starfsstöðvar Útlendingarstofnunar frá Reykjavík. Í Reykjavík fjölgar stöðugildum um 2,3% sem eru 350 stöðugildi. Í Garðabæ og í Mosfellsbæ fjölgar um fjögur stöðugildi eða um 1,9% og 1,6%. Í Seltjarnarnesbæ fækkar stöðugildum um þrjú eða um 6,7% en hafði árið áður fjölgað um 18 eða um 55,5% með tilkomu starfsstöðvar Fangelsismálastofnunar. Í Kjósarhrepp er áfram eitt stöðugildi.“<sup>4</sup> Á milli áruna 2016-2017 fjölgaði störfum á svæðinu um 329 eða tæp 2%. Í töflunni hérna að neðan má sjá þróunina á opinberum störfum í árslok fyrir árin 2014, 2016 og 2018.

Tafla 7 Opinber ríkisstörf í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Garðabær	197	41	239	185	43	228	187	45	233
Hafnarfjörður	520	219	740	475	191	666	440	154	594
Kjósarhreppur	-	1	1	1	-	1	1	-	1
Kópavogur	487	148	635	607	159	766	660	175	834
Mosfellsbær	231	73	304	229	70	299	224	45	270
Reykjavík	8.816	5.485	14.301	9.188	5.626	14.814	9.638	5.890	15.528
Seltjarnarnesbær	21	11	32	21	13	33	30	18	48
<b>Samtals</b>	<b>10.273</b>	<b>5.978</b>	<b>16.251</b>	<b>10.707</b>	<b>6.101</b>	<b>16.808</b>	<b>11.181</b>	<b>6.328</b>	<b>17.509</b>

Heimild: Byggingastofnun

Í árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tekin saman störf á vegum sveitarfélaga í landinu. Gögnin frá sambandinu miða við stöðu stöðugilda 1. apríl ár hvert. Sambandið heldur einnig skrá yfir kynjaskiptingu þessara stöðugilda hjá sveitarfélögunum. 1. apríl 2018 var heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögunum í landinu 21.245. Af því voru um 15.790 konur eða 74% og 5.455 karlar eða 26%. Það starfa því þrisvar sinnum fleiri konur fyrir sveitarfélögin í landinu heldur en karlar. Á Höfuðborgarsvæðinu var heildarfjöldi stöðugilda 12.754 og voru 9.336 konur og 3.418 karlar. Hlutfallið var því sambærilegt því sem gerist á landsvísi eða 73% konur og 27% karlar.

Tafla 8 Þróun og kynjaskipting starfa hjá sveitarfélögum í landshlutanum

Sveitarfélag	2014			2016			2018		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
Reykjavíkurborg	5.258	2.389	7.647	5.301	2.278	7.579	5.491	2.378	7.869
Kópavogsbær	1.393	354	1.747	1.540	390	1.930	1.528	403	1.931
Seltjarnarnes	175	48	223	173	53	225	164	78	242
Garðabær	537	142	679	585	137	722	567	139	705
Hafnarfjarðarbær	1.112	280	1.393	1.156	279	1.435	1.175	294	1.469
Mosfellsbær	421	104	525	391	108	499	409	126	534
Kjósarhreppur	3	1	4	2	2	4	2	2	4
<b>SAMTALS Höfuðborgar</b>	<b>8.899</b>	<b>3.317</b>	<b>12.216</b>	<b>9.148</b>	<b>3.246</b>	<b>12.394</b>	<b>9.336</b>	<b>3.418</b>	<b>12.754</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Samanlagðan fjöldi stöðugilda ríkis og sveitarfélaga er því hægt að áætla og þróun á fjölda stöðugildanna frá ári til árs. Á töflunni hérna fyrir neðan sést að fjöldi stöðugilda hjá ríki og sveitarfélögum hefur verið að aukast en hlutfall íbúa með stöðugildi hjá þessum opinberu aðilum hefur örlítið dregist saman vegna mikillar fjölgunar íbúa. Nánar má skoða þróunina í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 9 Opinber störf hjá ríki og sveitarfélögum í landshlutanum

Ártal	Fjöldi stöðugilda samtals hjá ríki 1. jan	Fjöldi stöðug. hjá sveitarf. 1. apríl	Íbúafjöldi	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá sveitarf.	Hlutfall íbúa með stöðugildi hjá ríki og sveitarf.
2014	16.297	12.216	208.752	7,8%	5,9%	13,7%
2016	16.445	12.394	213.619	7,7%	5,8%	13,5%
2018	17.137	12.754	222.484	7,7%	5,7%	13,4%

Heimild: Úttekt Byggingastofnunar á opinberum störfum og Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ljóst er að þróun á fjölda stöðugilda á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur þýðingu fyrir búsetuskilyrði í landshlutanum. Ekki bara með tilliti til áhrifa á atvinnu heldur einnig með tilliti til þjónustu. Hlutfall þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum gefur að einhverju leyti til kynna það þjónustustig sem er í landshlutanum.

## 6. Önnur þjónusta

### 6.1 Verslun

Í greiningu á verslun var dagvöruverslun flokkuð niður í eftirtalda flokka:

- Lágvöruverðsverslun:
  - Bónus, Nettó, Krónan, þar sem að gert er ráð fyrir sama verði á sömu vöru um land allt
- Stærri dagvöruverslun:
  - Verslun sem hefur stóra markaðshlutdeild á sínu svæði og er með fjölbreytt úrval.
- Önnur dagvöruverslun:
  - Dagvöruverslanir sem ekki falla undir flokk 1. og 2.
  - Einstakar verslanir eða t.d. búðir í samrekstri við bensínstöðvar.

Lágvöruverslun er skilgreind sem stórverslun þar sem vöruverð er lægra en í öðrum dagvöruverslunum. Töluvert framboð af dagvöruverslunum í öllum flokkum er á Höfuðborgarsvæðinu og skiptast þær niður á sveitarfélögin eins og sýnt er á neðangreindri töflu.

Tafla 10 Dagvöruverslanir á Höfuðborgarsvæðinu eftir sveitarfélögum 2019

Sveitarfélag	Lágvöruverðsverslun	Önnur dagvöruverslun	Stærri dagvöruverslun	Samtals
Mosfellsbær	2			2
Garðabær	2		1	3
Hafnarfjarðarkaupstaður	7	1	1	9
Kópavogsbær	10	1		11
Reykjavíkurborg	27	13	3	43
Samtals	48	15	5	68

Heimild: thjonustukort.is


### 6.2 Ýmis þjónusta

Árið 2019 opnaði Byggðastofnun aðgang [þjónustukorti](#) sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar. Er gerð kortsins ein af aðgerðum á byggðaáætlun

2018-2024. Á kortinu má finna upplýsingar um alla helstu þjónustubætti, allt frá neyðarþjónustu til stjórnsýslu.

### 6.3 Ferðapjónusta

Mikill vöxtur hefur verið í ferðapjónustunni undanfarin ár og er sú grein sem vaxið hefur hvað mest um land allt. Á árinu 2012 voru gistinætur á höfuðborgarsvæðinu um tæpar 1,7 milljónir<sup>5</sup>. Á árinu 2018 eru gistinætur orðnar um 3,7 milljónir eða 2,2 faldast. Miðbær og vesturbær Reykjavíkur ber höfuð og herðar yfir fjölda gistinátta og vöxturinn þar er einnig meiri á tímabilinu 2008 til 2018. Hlíðar í Reykjavík koma þar á eftir, en hefur aðeins verið að gefa eftir á milli árána 2017 og 2018.




Mynd 45 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu 2008 – 2018 eftir svæðum

Heimild: Hagstofa Íslands

Höfuðborgarsvæðið er með jafnari dreifingu á gistinóttum yfir árið, en aðrir landshlutar, sem hafa sína skörpu toppa yfir mitt sumar. En fjöldi gistinátta á höfuðborgarsvæðinu var á árum áður einnig með sína toppa yfir sumarmánuðina, sem er svo sem enn, en mun meiri eftirspurn er eftir gistinóttum yfir vetrartímabilið núna, en áður var.


<sup>5</sup> Hagstofa Íslands



Mynd 46 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Flestar gistinætur árið 2012 áttu Bretar, um 16%, Bandaríkjamenn í öðru sæti með 14% og Íslendingar í því þriðja með rúm 11%.



Mynd 47 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eftir þjóðerni 2012

Heimild: Hagstofa Íslands

Á árinu 2018 hafa Bandaríkjamenn tekið fyrsta sætið í fjölda gistinóttá á höfuðborgarsvæðinu, með rúmlega 30% gistinóttá. Bretar hafa skipt um sæti og eru í öðru sæti með tæp 19%, en Íslendingar eru sem fyrr í þriðja sæti, en nú hefur hlutdeild landans lækkað í tæp 8%.




Mynd 48 Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eftir þjóðerni 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í gistinóttum náði hámarki árið 2012 og hefur örlítið látið undan síga, um 1%, úr u.þ.b. 45% í 44% árið 2018.

Á milli árana 2012 og 2018 varð ríflega tvöföldun á fjölda gistinátta á landinu. Heildarfjöldinn fór úr 3.8 milljón gistinóttum árið 2012 í 8.5 milljón nætur árið 2018. Heildarfjöldi gistinátta á Höfuðborgarsvæðinu fór úr því að vera 1.671.946 árið 2012 yfir í að vera 3.730.986 gistinætur árið 2018. Er það sami vöxtur og var á landsvísu á tímabilinu.



Mynd 49 Gistinætur eftir landshlutum 2012 og 2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 50 Hlutdeild landshluta í gistinóttum 2008 – 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

## 7. Landbúnaður

Íslensk matvælaframleiðsla er umfangsmikill hluti af íslensku efnahagslífi. Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, er mikilvæg grunnstoð í atvinnulífi hvers landshluta. Sé litið á heildar rekstrartekjur allra búgreina á landinu árið 2017 þá er hlutdeild Höfuðborgarsvæðisins um 12% skv. greiningu Vífils Karlssonar<sup>6</sup>. Í sömu skýrslu kemur fram vægi sauðfjár- og kúabúskapar á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum metið út frá rekstrartekjum; 16% tekna koma frá sauðfé, 77% frá kúabúum og 7% frá öðrum nautgripabúum. Þar kemur einnig fram að árið 2017 voru 4% allra jarða í ábúð á Íslandi á Höfuðborgarsvæðinu.

### 7.1 Kjötframleiðsla

Kjötframleiðsla í landinu hefur aukist á undanförunum árum. Framleiðsla á kindakjöti, nautakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti fer úr því að vera 19.033 tonn árið 1998 í 32.481 tonn árið 2018. Það gerir um 71% aukningu á framleiðslumagni á tímabilinu. Hérna fyrir neðan má sjá þróun í framleiðslu á kjöti eftir tegundum á landsvísi frá 1998-2018. Mestur er vöxturinn í framleiðslu á alifuglakjöti þar sem framleiðslan fer úr 2.736 tonnum árið 1998 í 9.483 tonn árið 2018 og er því orðin næst stærsta framleiðslutegundin eftir kindakjöti.



Mynd 51 Kjötframleiðsla á Íslandi eftir tegundum frá 1998-2018

Heimild: Hagstofa Íslands

### 7.2 Fjöldi búpenings

Þróun í fjölda búpenings í landinu og á Suðurnesjum og Höfuðborgarsvæðinu frá 1998 til 2018 fyrir fimm tegundir búfjár má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Eru þetta tölur frá Hagstofu Íslands. Eins og sjá má þá eru ekki til tölur fyrir fjölda hrossa fyrir árin 2014, 2015 og 2018. Er það vegna ónákvæmra upplýsinga í skráningu. Í tölunum fyrir svín eru einungis skráðar fullorðnar gyltur og geltir.

<sup>6</sup> <http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/02/UmsvifLandbunadarLandshlutar-lokaeintak2.pdf>



Tafla 11 Þróun á fjölda búpenings í landshlutunum

	Nautgripir alls		Sauðfé alls		Hross		Svin		Varphaensni	
	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.	Landið	Landshl.
1998	75.500	978	490.002	5.376	78.400	7.772	3.987	1.486	166.911	120.697
1999	74.534	978	490.538	5.326	77.330	9.063	3.926	1.469	160.640	124.880
2000	72.135	1.025	465.777	4.860	73.995	8.775	3.862	1.832	193.097	137.050
2001	70.168	1.008	473.535	4.994	73.809	8.673	4.561	1.621	128.241	90.950
2002	67.225	928	469.657	4.848	71.267	9.028	4.075	1.616	160.537	117.544
2003	66.035	1.389	463.006	4.851	71.412	11.969	3.852	1.794	165.242	127.126
2004	64.639	1.264	455.398	4.736	72.222	8.880	3.553	1.636	166.466	120.196
2005	65.979	1.380	454.950	4.590	74.820	9.267	3.982	1.745	166.119	126.835
2006	68.670	1.470	455.656	4.395	75.644	9.273	4.218	1.835	181.857	120.281
2007	70.660	1.409	454.812	4.471	76.982	9.831	4.147	1.772	184.244	123.289
2008	72.012	1.310	457.861	4.423	77.502	9.335	4.265	1.964	168.515	132.905
2009	73.498	1.305	469.429	4.700	77.158	8.742	3.818	1.690	199.958	146.037
2010	73.781	1.386	479.841	4.687	77.164	8.902	3.615	1.424	173.419	136.744
2011	72.773	1.271	474.759	4.627	78.277	8.817	3.619	1.411	221.167	185.697
2012	71.513	1.260	476.262	4.889	77.380	8.978	3.643	1.416	200.169	161.924
2013	70.461	1.216	484.108	4.631	72.626	8.426	3.651	1.415	215.180	174.068
2014	74.444	1.294	487.075	3.842	...	...	3.644	1.415	226.474	179.500
2015	78.634	1.273	480.656	3.627	...	...	3.550	...	238.000	171.654
2016	79.923	1.279	473.144	3.456	68.522	3.447	3.548	...	246.223	181.654
2017	80.895	1.246	458.634	2.969	64.679	3.408	3.567	...	220.460	137.000
2018	81.385	1.324	432.023	2.686	...	...	3.323	...	253.763	211.671

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi nautgripa hefur haldist nokkuð stöðugur á svæðinu á þessum árum. Hlutfall nautgripa á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hefur verið um 2% af heildarfjölda á landinu. Fjöldi sauðfjár hefur dregist saman á svæðinu en hefur haldist í kringum 1% af heildarfjölda á landinu. Heildarfjöldi sauðfjár á landsvísi hefur dregist saman síðan 2014 í takt við versnandi afkomu í greininni. Athygli vekur mikill fjöld varphaensna á svæðinu en á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum má finna rúmlega 80% af varphaenum á landinu.

### 7.3 Fjöldi bóva

Fjöldi sauðfjábúa á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hefur dregist saman undanfarin ár. Fjöldi kúabúa hefur hins vegar nokkurn veginn staðið í stað. Árið 2017 voru 44 sauðfjábú og 21 kúabú á svæðinu. Fjöldi bóva á landsvísi hefur einnig verið að dragast saman og hefur Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes haldið nokkurn veginn sama hlutfalli bóva á sínu svæði eða 3% allra sauðfjábúa og 3% kúabúa á landinu. Fjölda bóva og þróun þeirra má sjá nánar á meðfylgjandi töflu.


Tafla 12 Fjöldi bóva á HBS og Suðurnesjum og á landinu öllu 2009-2017

	Ártal	2009	2011	2013	2015	2017
Sauðfjábú	Alls	1.688	1.670	1.686	1.558	1.441
	HBS og Suðurnes	52	50	54	46	44
	Hlutfall	3%	3%	3%	3%	3%
Kúabú	Alls	695	681	676	653	614
	HBS og Suðurnes	20	20	21	23	21
	Hlutfall	3%	3%	3%	4%	3%

Heimild: Hagstofa Íslands

### 7.4 Greiðslumark


Stuðningsgreiðslur í landbúnaði eru tengdar greiðslumarki í búvöru- og búnaðarlögum. Heildargreiðslumark sauðfjár á landinu eru 363.455 ærgildi. Skiptingu greiðslumarkans niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hérna fyrir neðan.



Mynd 52 Greiðslumark sauðfjár á Íslandi 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfall greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum var 1% af greiðslumarki alls landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Mest vegur hluti Kjósarhrepps. Skipting greiðslumarks sauðfjár í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 53 Greiðslumark sauðfjár á Höfuðborgarsvæðinu 2018

Heimild: Hagstofa Íslands


Heildargreiðslumark mjólkur á landinu öllu er 145 milljón lítrar. Skiptingunni niður á sveitarfélög má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Mynd 54 Greiðslumark mjólkur á Íslandi 2018


Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall greiðslumarks mjólkur á Höfuðborgarsvæðinu var 1% af heildargreiðslumarki landsins árið 2018. Það er sama hlutfall og árið 2013. Þar vegur hlutur Kjósarhrepps mest. Skipting greiðslumarks mjólkur í landshlutanum er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Mynd 55 Greiðslumark mjólkur á Höfuðborgarsvæðinu 2018

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 56 Mjólkurstöðvar og sláturhús á Íslandi 2019

Heimild: Matvælastofnun


## 7.5 Mjólkurstöðvar og sláturhús

Starfsemi sláturhúsa og mjólkurstöðva er nauðsynleg fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða. Matvælastofnun veitir sláturhúsum og mjólkurstöðvum starfsleyfi að undangenginni úttekt. Á meðfylgjandi korti er hægt að sjá dreifingu þessarar þjónustu um landið. Á landinu öllu eru 10 sláturhús og 12 mjólkurstöðvar skv. skráningu Matvælastofnunar. Á Höfuðborgarsvæðinu er ekkert sláturhús en fimm starfandi mjólkurstöðvar; þrjár í Reykjavík, ein í Kópavogi og ein í Hafnarfirði.

## 8. Sjávarútvegur

### 8.1 Fiskveiðar

Í fyrri stöðugreiningum voru upplýsingar um afla settar fram miðað við heimahöfn skipa. Hér er valið að miða annars vegar við löndunarhafnir og í einnig í nokkrum tilvikum er afli sýndur miðað við verkunarhafnir. Að höfðu samráði við Hagstofu Íslands hefur þessu verið breytt vegna þess að með breytingum á eignarhaldi útgerða er talið að heimahafnir skipa gefi í mörgum tilvikum takmarkaðri upplýsingar um umsvif á einstökum útgerðarstöðum. Þar með er ekki sagt að einhver ein skráning afla gefi algjörlega rétta mynd af umsvifunum.



Mynd 57 Afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir löndunarhöfnum á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 13 Landaður afli í öðrum tegundum en uppsjávarfiski eftir höfnum á höfuðborgarsvæðinu

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Reykjavík	87.070	93.599	97.190	95.211	89.854	84.587	87.598	77.150	80.873	82.707	78.811	86.264
Hafnarfjörður	19.456	22.190	18.793	19.859	16.874	16.688	19.759	9.359	12.156	18.140	16.113	17.518

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 57 sýnir afla í öðrum tegundum en í uppsjávarfiski eftir löndunarhöfnum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2007-2018 og tafla 12 sýnir afla fyrir þessar hafnir. Löndunarhafnirnar eru tvær, Reykjavík og Hafnarfjörður. Langmestum afla er landað í Reykjavík en Hafnarfjörður er einnig stór löndunarhöfn á landsvísi. Sveiflur eru milli ára en þó minni en víða annars staðar á landinu.

Mynd 58 sýnir ráðstöfun afla í öðrum tegundum en í uppsjávarfiski fyrir hafnir á höfuðborgarsvæðinu. Áberandi er hátt hlutfall unnins afla sem er landað þó að hann hafi farið minnkandi einkum milli árunna 2013 og 2014. Afli sem er unnin innanlands hefur farið hægt vaxandi en hlutdeild gámafisks er lítil og hefur minnkað.




Mynd 58 Ráðstöfun afla á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Hagstofa Íslands

### 8.2 Uppsjávarafli


Mynd 59 sýnir landaðan afla á svæðinu. veiði og verkun uppsjávartegunda veða ekki þungt á svæðinu. Nokkru magni af loðnu og makríl var landað á

tímabili í Reykjavík á árunum 2011 til 2014. Sveiflur voru einnig í aflamagni í Hafnarfirði þar sem síld og makríl hefur verið landað einkum á árunum 2011 til 2016.



Mynd 59 Afli í uppsjávartegundum á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 60 Ráðstöfun uppsjávarafla á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 60 sýnir skiptingu afla sem var verkaður á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á Íslandi og þess sem er landað unnið. Nánast öllum afla var landað unnum en það sem var verkað innanlands var óverulegt.

### 8.3 Úthlutaðar aflaheimildir




Mynd 61 Úthlutaðar aflaheimildir á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Fiskistofa

Mynd 61 sýnir úthlutaðar aflaheimildir á höfuðborgarsvæðinu fyrir helstu tegundir botnfiska. Aflaheimildir í heild hafa heldur dregist saman á tímabilinu í heild. Heimildir í þorski voru svipaðar í upphafi og lok en aflaheimildir í ufsa aukist lítillega. Áberandi er að karfi hefur vegið þyngra en annars staðar á landinu.

Mynd 62 sýnir úthlutaðar aflaheimildir eftir stöðum án uppsjávartegunda. Aflaheimildir hafa vaxið í Reykjavík voru langmestar en hafa þó farið minnkandi eða um ríflega 20.000 þorskígildistonn. Aflaheimildir í Hafnarfirði minnkuðu í upphafi tímabilsins en hafa verið nokkuð stöðugar eftir það.



Mynd 62 Úthlutað þorskígildi m. v. heimahöfn skipa á höfuðborgarsvæðinu eftir stöðum án uppsjávartegunda

Heimild: Fiskistofa

## 9. Stoðkerfi

### 9.1 Sóknaráætlun

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaáætlun hverju sinni. Sóknaráætlanir byggja á lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir.<sup>7</sup>

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Við gerð þessara samninga runnu saman vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnisjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Landshlutasamtökin annast umsýslu þeirra og auglýsa eftir umsóknum um styrki í það minnsta árlega. Þau skipa einnig úthlutunarnefnd.

<sup>7</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015069.html)

<sup>8</sup> Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins: [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f484-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13d8f484-b1ed-11e9-9446-005056bc4d74)

Samkvæmt þriðju grein samninga um sóknaráætlanir landshluta skal marka stefnu í þessum málaflokkum:

- Menningarmálum
- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Uppbyggingu mannauðs
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins

Sóknaráætlun skal byggja á a.m.k. þremur stoðum:

- Greiningu á stöðu svæðisins
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum
- Svæðisskipulagi, þar sem það liggur fyrir.

Skipa á samráðsvettvang þar sem tryggð er breið aðkoma úr samfélaginu og gæta skal aldurs- og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangurinn á að hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og koma saman í það minnsta árlega.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins<sup>8</sup> byggir á samningi milli Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um sóknaráætlun Höfuðborgarsvæðisins 2015-2019 frá 10. febrúar 2015.<sup>9</sup> Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni rúmar 19,3 milljónir á ári á tímabilinu, með fyrirvara um samþykkt fjárlaga.

Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins eru sett fram sex leiðarljós, þar af þrjú sem lögð verði til grundvallar á tímabilinu, en þau eru:

- Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins
- Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi
- Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

<sup>9</sup> [www.stjornarradid.is/media/stjornarrad-media/media/sl/hofudborgarsvaedid.pdf](http://www.stjornarradid.is/media/stjornarrad-media/media/sl/hofudborgarsvaedid.pdf)

Í áætluninni er gerð grein fyrir fjórum meginverkefnum á tímabilinu sem tengjast áðurgreindum leiðarljósum, en þau eru:

1. Borgarlína, seinni hluti
2. Tölfræði höfuðborgarsvæðisins
3. Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum
4. Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg

Alls hafa runnið rúmar 112 m.kr. til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins árin 2015-2018. Þar af hefur ríkið lagt fram tæpar 92,3 m.kr., sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu lögðu fram tæpar 37,5 m.kr. og önnur framlög nema 16 mkr. á tímabilinu.

Á tímabilinu 2015-2018<sup>10</sup> hafa verið samþykkt 17 áhersluverkefni á höfuðborgarsvæðinu. Frá sóknaráætlun hafa runnið rúmar 172,5 m.kr. til þessara 17 áhersluverkefna á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu, sem er nánast sama fjárhæð og rennur í heild til áætlunarinnar, enda er enginn uppbyggingarsjóður á vegum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins.

Fjöldi fulltrúa í samráðsvettvangi á höfuðborgarsvæðinu var 52 árin 2016-2018, en enginn samráðsvettvangur var fyrir 2016. Á höfuðborgarsvæðinu hefur verið einn fulltrúi undir 25 ára aldri árin 2016-2018.

## 9.2 Sáttmáli um samgöngur

Þann 26. september 2019 rituðu ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes, undir tímamótasamkomulag um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til fimmtán ára.

Markmið samkomulagsins eru fjórþætt:

1. Greiðari samgöngur og fjölbreyttir ferðamátar  
Greiðar, hagkvæmar og skilvirkar samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta.

---

<sup>10</sup> Tölur miðast við 2018, þar sem þær liggja ekki fyrir vegna 2019.

2. Kolefnislaust samfélag  
Stuðla að því að ná loftslagsmarkmiðum ríkis og sveitarfélaga um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningsamgangna og deiliahagkerfis í samgöngum, bættum innviðum fyrir vistvæna samgöngumáta og hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta.

3. Aukið umferðaröryggi  
Stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum.

4. Samvinna og skilvirkar framkvæmdir  
Tryggja skilvirka framkvæmd og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir.